

## **Framboð við kjör stjórnar á aðalfundi Ísfélags hf. 16. apríl 2026**

Á dagskrá aðalfundar Ísfélags hf. 16. apríl 2026 er kosning stjórnar í félaginu. Samkvæmt samþykktum félagsins er stjórnin skipuð allt að 7 mönnum.

Frestur til að bjóða sig fram til stjórnar er nú runninn út og hafa eftirtalin boðið sig fram:

Agnar Möller, kt. 230379-2119

Einar Sigurðsson, kt. 230877-5999

Guðbjörg Matthíasdóttir, kt. 140352-3499

Sigríður Vala Halldórsdóttir, kt. 240483-5219

Steinunn H. Marteinsdóttir, kt. 310166-5379

### **Nánari upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar félagsins:**

#### **Agnar Möller**

Agnar er fæddur árið 1979. Agnar starfaði hjá Kvik eignarstýringu frá 2018-2022 og GAMMA Capital Management á árunum 2009-2018 við stýringu skuldabréfasjóða. Þar áður starfaði hann við skuldabréfamíðlun og áhættustýringu fyrir Kaupþing banka á árunum 2004-2008. Agnar er með M.Sc. í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands og leggur stund á sagnfræði í sama skóla. Agnar er í dag sjálfstætt starfandi fjárfestir og starfar sem framkvæmdastjóri hjá fjárfestingafélaginu ATM ehf. Agnar situr í stjórn Íslandssjóða frá vori 2026. Agnar á engan hlut í félaginu og telst óháður félaginu, daglegum stjórnendum þess sem og stórum hluthöfum.

#### **Einar Sigurðsson**

Einar er fæddur 1977. Einar tók sæti í stjórn félagsins árið 2013. Einar hefur lokið BA prófi í stjórn málafræði frá Háskóla Ísland og MBA námi. Einar starfar fyrir Kristin ehf. og tengd félög. Einar er núverandi stjórnarformaður Ísfélags hf., Korputorgs ehf. og Myllunnar-Ora ehf. Einar á engan beinan hlut í félaginu sjálfur, en á 22,12% eignarhlut í fjölskyldufyrirtækinu Fram ehf. sem er eini hluthafi ÍV fjárfestingafélags ehf., sem á 49,13% í félaginu. Einar er jafnframt þriðjungseigandi í MKE ehf. sem á um 0,26% af hlutafé í félaginu. Byggt á leiðbeiningum um stjórnarhætti telst Einar háður félaginu og daglegum stjórnendum þess og stórum hluthafa.

#### **Guðbjörg Matthíasdóttir**

Guðbjörg er fædd 1952. Guðbjörg hefur setið í stjórn félagsins frá árinu 2001. Hún lauk prófi frá Kennaraháskólanum árið 1976. Guðbjörg situr í stjórn Fastus ehf. og ÓJ&K-Ísam ehf. Guðbjörg á beint 43.623 hluti í félaginu og á 11,29% eignarhlut í fjölskyldufyrirtækinu Fram ehf. sem er eini hluthafi ÍV fjárfestingafélags ehf., sem á 49,13% af hlutafé í félaginu. Byggt á leiðbeiningum um stjórnarhætti er Guðbjörg óháð félaginu og daglegum stjórnendum þess, en telst háð stórum hluthafa.

### **Sigríður Vala Halldórsdóttir**

Sigríður er fædd 1983 og er framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni hjá Sjóvá. Sviðið ber ábyrgð á innheimtu, reikningshaldi, upplýsingatækni og viðskiptagreind. Sigríður Vala er með M.Sc. próf í iðnaðarverkfræði frá University of Minnesota og B.Sc. próf í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands, og hefur auk þess lokið prófi í verðbréfavíðskiptum. Sigríður Vala var forstöðumaður hagdeildar Sjóvá árin 2016-2021 ásamt því að sitja í fjárfestinganefnd félagsins. Sigríður Vala starfaði hjá Creditinfo árin 2015-2016 sem forstöðumaður viðskiptastýringar og 2008-2015 í fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka. Sigríður Vala sat í stjórn HS Veitna hf. 2014-2022 og SÝN hf. 2019-2022. Sigríður Vala situr í stjórn Viðskiptaráðs Íslands. Sigríður á 3.800 hluti í félaginu. Byggt á leiðbeiningum um stjórnarhætti telst Sigríður óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess sem og stórum hluthöfum.

### **Steinunn H. Marteinsdóttir**

Steinunn H. Marteinsdóttir, stjórnarmaður, er fædd 1966. Hún er hárgreiðslumeistari að mennt og með diplomanám í ferðamálafræði. Steinunn starfar nú hjá Premium ehf. lífeyrisþjónustu eða frá árinu 2012. Hún vann við hárgreiðslustörf frá árunum 1990 til 2002 þar sem hún átti og rak um tíma hárgreiðslustofu. Á árunum 2004 til 2012 vann hún hjá Sparisjóðnum Afl/Arion banka. Steinunn situr í stjórn Þjóðlagaseturs séra Bjarna Þorsteinssonar. Steinunn á engan hlut í félaginu en aðilar sem Steinunn tengist fjölskylduböndum eiga 93.494.071 hluti í félaginu, eða sem nemur 11,42%, í gegnum Marteín Haraldsson ehf. Byggt á leiðbeiningum um stjórnarhætti telst Steinunn háð félaginu, daglegum stjórnendum þess sem og stórum hluthöfum.